

Minnisblað – 2003041 og 2003042

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Skipulagsfulltrúa

Efni: *Vindorka í Dalabyggð/tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu.*

Dags.: 17.11.2020

Skipulagsstofnun hefur lagt fram til kynningar tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt umhverfismati, þar sem sett er fram stefna um loftlagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Nýting vindorku er eitt þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í þessum viðauka.

Fyrir liggja hjá sveitarfélaginu Dalabyggð tilbúnar til auglýsingar tvær tillögur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna vindorkavera. Lögbundin auglýsing þessarar breytinga hefur tafist töluvert vegna tafa á kynningu á áður nefndum viðauka.

Fyrirliggjandi breytingartillögur hafa farið í gegnum lögbundið skipulagsferli og hafa þær hlotið umfjöllun og afgreiðslu í umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn.

Í 6. kafla tillögu að viðauka við Landskipulagsstefnu eru atriði sem lúta að viðfangsefnum um vindorku en þess ber þó að gera að kafla 6.3 sem áætlað er að fjalli um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag liggur ekki fyrir. Hann er í bið vegna áforma um breytingar á lögum um rammaáætlun. Óvíst er hvenær niðurstaða fæst í það mál.

Ljóst er að þeir þættir viðukatillögunnar sem snúa mest að málaflokki vindorku varða landslag og óbyggð víðerni sbr. að í upphafi 6. kafla er fjallað um að við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi.

Ennfremur er mikilvægi skipulagsgerðar með tilliti til víðerna útlistað í kafla 6.1.2 en þar er lögð áhersla að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar.

Með tilliti til þessa er mikilvægt að geta þess að leitast við í yfirstandandi endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 að skilgreina stefnu sveitarfélagsins varðandi ýmsa málaflokka sem tengjast vindorku. Skilgreining óbyggðra víðerna þarfnast þar þó frekari umfjöllunar.

Í álit frá EFLU verkfræðistofu á áhrifum tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu á tillögur að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna tveggja kemur fram að það kann að vera ástæða til að bæta umfjöllun um óbyggð víðerni í skipulagstillögunum. Ef svo er mun slíkt væntanlega koma fram í umsögnum um tillögurnar.

Í kafla 6.1.6. kemur fram að við kortlagningu óbyggðra víðerna, og mat á á skerðingaráhrifum skipulagsáforma á óbyggð víðerni verði nokkrir þættir lagðir til grundvallar, s.s. að mörk óbyggðra víðerna miði almennt við 5 km frá mannvirkjum og að skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja.

Varðandi málefni sem tengjast landslagi þá er í báðum aðalskipulagsbreytingartillögunum umfjöllun um ásýnd og landslag en ekki liggur fyrir greining á landslagi og staðareinkennum.

Næsti fasi í skipulagsferlinu varðandi áður nefndar breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar er auglýsing skipulagstillagnanna. Tillögurnar hafa verið útfærðar frá því að lýsingar á skipulagsverkefnum voru kynntar fyrir umsagnaraðilum fyrir rúmu ári síðan og verður leitað umsagna um skipulagstillögurnar hjá sömu aðilum.